



Reykjavík, 30. júní 2014

Fundargerð 133. fundar

Tilvísun: 00060002

Mánudaginn 30. júní 2014 var haldinn 133. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 16:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Kristján Sturluson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson og Haraldur Sverrisson.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri, Birgir Finnsson, vara-slökkviliðsstjóri og þau Pétur Ólafsson, Birgir Björn Sigurjónsson og Ebba Schram frá Reykjavíkurborg.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

## 1. Samningur vegna sjúkraflutninga

Boðað var sérstaklega til fundarins vegna óska Sjúkratrygginga Íslands um bráðabirgðasamning, en heilbrigðisráðherra fól þeim samningsumboðið með bréfi þann 4. júní 2014. Einnig kom fram að ef ekki næðist bráðabirgðasamningur fyrir 1. júlí þá verði sett reglugerð af hálfu heilbrigðisráðherra og gjaldskrá af sjúkratryggingum þann 1. júlí 2014.

Eftirfarandi lagt fram:

- Bréf heilbrigðisráðherra til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 4. júní 2014.
- Minnisblað Sjúkratrygginga Íslands, um samning um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. júní 2014.
- Drög að bráðabirgðasamning, lagður fram að Sjúkratryggingum Íslands, dags. 25. júní 2014
- Drög að gjaldskrá vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 30. júní 2014.
- Samantekt SHS, flokkun sjúkraflutninga, dags. 30. júní 2014.
- Drög að bráðabirgðasamning, með breytingum SHS, dags. 30. júní 2014.

*Afgreiðsla:* Samþykkt að fela Jóni Viðari slökkviliðsstjóra og Birgi Birni fjármálastjóra Reykjavíkurborgar að ræða áfram við Sjúkratryggingar Íslands á grundvelli samkomulagsdraga þeirra, með breytingum SHS.

## 2. Önnur mál

Kosning varaformanns. Lagt til að Ármann Kr. Ólafsson taki það verkefni að sér.

*Afgreiðsla:* Samþykkt.


G.ÖZ ✓ KA J 160 JF  
201

## Næsti fundur verður boðaður sérstaklega


Fundi slitið klukkan 17.00.

### Fylgiskjöl:


- Bréf heilbrigðisráðherra til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 4. júní 2014.
- Minnisblað Sjúkratrygginga Íslands, um samning um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 26. júní 2014.
- Drög að bráðabirgðasamning, lagður fram að Sjúkratryggingum Íslands, dags. 25. júní 2014
- Drög að gjaldskrá vegna sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, dags. 30. júní 2014.
- Samantekt SHS, flokkun sjúkraflutninga, dags. 30. júní 2014.
- Drög að bráðabirgðasamning, með breytingum SHS, dags. 30. júní 2014




Dagur B. Eggertsson



Kristján Sturluson




Gunnar Einarsson



Ármann Kr. Ólafsson



Ásgerður Halldórsdóttir



Haraldur Sverrisson